

9. september 2019

Sæll Gauti

Í bréfi Djúpavogshrepps, dags. 12. Júní 2019 er minnt á og listuð upp atriði sem kynnt voru á samráðsfundi með Vegagerðinni á Djúpavogi í maí. Beðist ef velvirðingar á hve dregist hefur að svara erindinu.

Í bréfinu kom fram óskir Djúpavogshrepps um að færa aðkomuveg 98-01 og 98-02 norður fyrir íbúabyggð, þar sem nú þegar er malarvegur að höfninni. Helsti gallinn er tenging núverandi malarvegs við Hringveg, sjónlengdir eru ekki góðar við stöð 7440 og því þarf að færa tenginguna amk. um 150-200 m inn eftir Hringvegi. Kostirnir eru að með breyttri aðkomu minnkar umferð um fjölfarnar íbúagötur og miðju þorpsins. Sérstaklega er það kostur fyrir Djúpavog að þungaflutningar færast frá miðju bæjarins því börn ganga víða yfir núverandi veg á leið sinni í skóla og tómstundir.

Á meðf. mynd eru sýndar tvær mögulegar leiðir fyrir vegtengingu norðan við Djúpavog þar sem þjóðvegurinn myndi þjóðvegur styttest um 550 m, úr 1,7 km löngum vegi í um 1,15 km niður að gömlu bræðslunni og Gleðivík. Vegagerðin mun í vetur frumhanna og gera kostnaðaráætlun fyrir umrædda leið. Í framhaldinu væri þá hægt að skoða aðkoma verkefninu á samgönguáætlun ef vilji heimamanna er fyrir því.



Varðandi umferðaröryggjaðgerðir þá er Vegaerðin sammála um að leyfilegur hámarkshraði verði settur í 40 km/klst frá gatnamótum við Borgarland og að kirkjunni. Samráð verði svo haft við lögreglu um að fylgjast með hraðakstri innan þéttbýlisins. Yfirborðmerkingar verða bættar sem fyrst s.s. með þverendum, leyfilegum hámarkshraða, mála heila línu í Búlandi og skoða betur hvort ekki sé hægt að setja þar gangbraut. Vegagerðin óskar svo eftir samráði um skipulagsáform um ípróttar- og tómstundarsvæði næst þjóðveginum á Djúpavogi og um frekari umferðöryggisaðgerðir s.s. bæjarhlið og gangbrautum. Í framhaldinu verður umrædd verkefni tekin til afgreiðslu þegar fjárveitingum til öryggisaðgerða verða úthlutað 2020.

Bestu kveðjur



Sveinn Sveinsson

Svæðisstjóri - Austursvæði

» +354 522-1930 » +354 892-4183

» svs@vegagerdin.is

» www.vegagerdin.is

» Búðareyri 11-13, 730 Reyðarfirði